



BÚSETA Í SVEIT

ÆTTLIÐASKIPTI Á BÚI

RÁÐGJAFARMÍÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

sími: 516-5000 | Netfang: rml@rml.is

KT: 580113-0520 |

**HVERNIG Á AÐ SKIPULEGGJA
ÆTTLIÐASKIPTI OG FRAMKVÆMA
Á SEM FARSÆLASTAN MÁTA**

Byggt á bæklingi þessa efnis (Transferring your Farm or Ranch to the next generation) frá Ríkisháskóla Montana í Bandaríkjunum (Montana state University)

ÆTTLIÐASKIPTI Á BÚI

Óhjákvæmilegt og mikilvægt takmark í búrekstri er flutningur hans til næstu kynslóðar. Í því felst þó nokkur áskorun vegna þess að það felur í sér sameiginlega ákvörðun heillar fjölskyldu og verður að byggjast á hagfræðilegum og lögfræðilegum þáttum.

Ákvarðanir eru oft teknar ú frá skattalegum og lögfræðilegum sjónarmiðum án þess að tekið sé tillit til þess að um er að ræða ákvörðun sem þarf að hafa hljómgrunn innan allrar fjölskyldunnar. Jafnvel er hreinlega reiknað með því að ágreiningur innan fjölskyldunnar leysist af sjálfu sér þegar gengið er frá skattalegu og lögfræðilegu þáttunum. Alvarleg vandamál geta komið upp ef ferlið hefst aldrei. Fjölskyldur forðast oft að skipuleggja ætliðaskipti því þær vilja ekki hætta á ósætti vegna mismunandi gilda til virðis og framtíðar bú síns. Einnig er skynjun á sanngirni og réttisýni misjöfn.

Þessi bæklingur aðstoðar fjölskyldur við að stíga fyrstu skrefin í ætliðaskiptum með vinnublöðum sem aðstoða við að greina gildi og markmið hvers og eins. Hér er gengið út frá því að fjölskyldan og búreksturinn séu háð hvort öðru en ekki sjálfstæðar einingar og þess vegna sé skipulagning við ætliðaskipti báðum einingum mikilvæg.

Skipulagning ætliðaskipta skiptist í raun í tvennt. Í fyrsta lagi er hin hag- og lögfræðilega skipulagning á því hvernig þau eiga að fara fram, þ.e.a.s. hvernig eigendaskiptin á búrekstrinum, landinu og öðrum eignum gerast. Í öðru lagi er um að ræða hvernig fjölskyldan sameinast um ákvarðana-tökuna og vinnur úr þeim árekstrum sem geta komið upp þegar rætt er um fyrirkomulag á færslu eigna vegna ætliðaskipta.

BYRJUNIN

Yngri kynslóðinni finnst oft erfitt að hafa frumkvæðið að umræðum um ætliðaskipti vegna ótta við að eldri kynslóðinni finnst hún frek á arfleifð sína. Þegar eldri kynslóðin hefur umræðuna gætu undirtektirnar aftur á móti orðið litlar því einhverjir af yngri kynslóðinni vilja ef til vill ekki íhuga brotthvarf foreldra sinna.

Ekki er öllum ljóst hvað það er sem þarf að taka tillit til þegar ætliðaskipti eru rædd innan fjölskyldu. Oft á tíðum er viss afneitun til staðar. Sú afneitun getur tengst atriðum sem er erfitt fyrir einstaklinga að ræða, svo sem breytingum, fjármunum, örorku (andlegri sem líkamlegri) eða dauða. Hver fjölskylda á sér málefni sem draga fram sterkar tilfinningar eða valda ósætti milli fjölskyldumeðlima.

Fjölskyldur sem hafa farið í gegnum ætliðaskiptaferlið mæla með því að fyrst af öllu þurfi hver og einn fjölskyldumeðlimur að skilgreina sínar skoðanir. Næst ættu hjón (þör) að ræða þessa hluti sín á milli og síðan fjölskylda hvernar kynslóðar. Ef þetta er gert gengur ferlið mun betur fyrir sig þegar farið er að funda um framkvæmd ætliðaskiptanna. Þó má búast við spennu eða árekstrum vegna mismunandi hlutverka og

misjafns mats á verðgildi. Ferlið gengur mun betur fyrir sig og er árangursríkara ef allir hlutaðeigandi aðilar við ætliðaskiptin fá tækifæri til að bera kennsl á þarfir sínar og tjá þær.

Fund um ætliðaskiptin skal halda með öllum hlutaðeigandi aðilum. Eldri kynslóðin er „fráfarandi bændur“, sem geta verið afi og amma, foreldrar eða frændi og/eða frænka. Yngri kynslóðin er afkomendur og/eða „tilvonandi bændur“. Heillavænlegast er að allir hlutaðeigandi sitji fundinn. Ráðunautur Ráðgjafamiðstöðvar Landbúnaðarins getur setið fundinn og stjórnad honum.

Meðlimir eldri kynslóðarinnar munu taka lokaákvörðunina, en án þess að vita þarfir og áhyggjur annarra fjölskyldumeðlima, gætu þeir fengið hugmyndir sem eru ekki endilega réttar. Ef staðið er að málum eins og lýst var hér á undan, finna meðlimir yngri kynslóðarinnar að tekið er tillit til þarfa þeirra.

Taktu prófið í rammanum til að átta þig á því hve vel þú þekkir, eða telur þig þekkja væntingar fjölskyldumeðlima þinna.

AD ÁTTA SIG Á VÆNTINGUM – PRÓF

Fólk sem vinnur saman við búrekstur í mörg ár telur sig oft vita um væntingar annarra fjölskyldumeðlima en hefur líklega aldrei spurt. Hvert væri svar hvers fjölskyldumeðlims við þessum spurningum, til dæmis?

1. Hver ætlar sér að reka búið eða vill vera þáttakandi í búskapnum?
2. Vilja aðrir afkomendurnir eiga hlut í einhverjum þáttum búrekstrarins sem eru í eigu eldri kynslóðarinnar?
3. Hverjar eru skoðanir þeirra sem sinna búskapnum og þeirra sem koma ekki að honum varðandi eignarhald á honum?
4. Hvað mun verða um land og/eða tæki sem verður fært yfir á aðila sem ef til vill deyr fyrir aldur fram? (Mun eignin fara til maka, barna eða aftur til eldri kynslóðarinnar?)
5. Þurfa fráfaramandi bændur að hafa allar tekjur sínar, hluta af þeim, eða engar, af búrekstrinum er þeir setjast í helgan stein?
6. Hvenær áætla fráfaramandi bændur að hætta yfirráðum á jörðinni? (Við fráfall? Eftir að annar þeirra deyr? Er þeir setjast í helgan stein? Þegar afkomandi biður um það?)
7. Vilja fráfaramandi bændur eiga eignirnar út af fyrir sig eða með afkomendum sínum?
8. Hver hefur úrslitaákvæðanavald þegar teknar eru mikilvægar ákvarðanir varðandi búreksturinn, svo sem um kaup á eignum, veðsetningar o.s.frv.? (Eldri kynslóðin? Yngri kynslóðin? Báðar kynslóðirnar?)
9. Hefur verið íhugað hvernig taka á tillit til maka afkomenda í eignarhaldinu á búrekstrinum?

AD GREINA HVAD ER MIKILVÆGT HVERRI KYNSLÓÐ

Markmiðasetning er nauðsynleg fyrir árangursríka stjórnun, bæði í búrekstri og fjölskyldulífi. Markmiðasetning er sérstaklega mikilvæg þegar ættliðaskipti eiga sér stað á búi. Markmið byggjast á gildum og hugsjón einstaklingsins. Gildi er eitthvað sem einstaklingar hafa í hávegum. Að halda ættliðaskiptafund án þess að fjölskyldumeðlimir hafi vegið og metið markmið og gildi sín – bæði sem einstaklingar og með maka/fjölskyldu, getur valdið skapraunum. Vinnublöðin sem fylgja þessum bæklingi gefa hverjum einstaklingi innan eldri og yngri kynslóðarinnar tækifæri til að greina skoðanir sínar vegna ættliðaskiptaferlisins og málefna sem tengjast því. Vinnublað 1A er fyrir eldri kynslóðina, Vinnublað 1B er fyrir yngri kynslóðina. Atriðum sem varða þig/ykkur ekki, má sleppa. Eyður til að bæta við atriðum sem eru mikilvæg í þínu/ykkar tilfalli, eru einnig til staðar.

Flokkun málefna vegna ættliðaskipta fyrir eldri og yngri kynslóðina er mjög svipuð en einstaka atriði innan flokkanna eru mismunandi.

FLOKKAR ÞEIR SEM TENGJAST ELDRI KYNSLÓÐINNI ERU:

- Áframhaldandi starfsemi fjölskyldubúsins
- Væntingar til ættliðaskipta
- Áframhald áhrifa á stjórnun búrekstrarins
- Öryggi beggja kynslóða
- Áhyggjur vegna barna

FLOKKAR TENGDIR YNGRI KYNSLÓÐINNI ERU:

- Áframhaldandi starfsemi fjölskyldubúsins
- Væntingar til ættliðaskipta
- Aðild að stjórnun búrekstrarins nú og í framtíðinni
- Öryggi beggja kynslóða
- Áhyggjur vegna foreldra/fráfaramandi bænda

Þegar einstaklingarnir hafa ákvarðað mikilvægi atriðanna í hverjum flokki, eru þeir betur undirbúnir til að setja markmið sem koma þeim áfram í ætliðaskiptaferlinu. Sum atriðin geta einnig þjónað sem stiklur fyrir eldri kynslóðina til að hefja ætliðaskiptin skref fyrir skref. Meðlimir eldri kynslóðarinnar halda oft að ætliðaskipti séu ferlið frá því að vera með fulla stjórn á búrekstrinum til þess að hafa enga stjórn á honum, en ekki að um sameiginlega stjórnun geti verið að ræða um lengri eða skemmri tíma. Undir lið C á vinnublaðum 1A og 1B er tekið tillit til þess að ákvarðanataka vegna búrekstrarins geti skipst í fernt:

1. Daglega starfsemi
2. Stjórn fjármála / fjárhags
3. Markaðsmál / sölu afurða
4. Framleiðslu

Með forgangsröðun hvernar kynslóðar, getur ætliðaskiptaferlið, er varðar stjórnunar- eða framkvæmdarliði, hafist skref fyrir skref. Hver fjölskylda þarf að vinna það ferli á sinn hátt. Með því að brjóta bústjórnina niður í mismunandi liði koma upp fletir og möguleikar sem sáust ekki áður.

Vinnublað 2 hjálpar einstaklingum að greina forgangsröðun markmiða sinna, hvort sem átt er við persónuleg, fjölskyldu- eða rekstrarmarkmið. Vegna þess að markmið eru gildistengd, þá er mikilvægt að klára vinnublað 1A og 1B fyrst til að greina fyrst gildi og markmið sín. Þegar markmið eru skrifuð þurfa þau að vera nákvæm, forgangsröðuð og flokkuð sem langtíma- eða skammtíamarkmið. Skammtíamarkmið tengjast verkum

sem lokið er við á innan við 6 mánuðum. Þau þjóna langtíma markmiðunum og eru einstaklega mikilvæg á hverjum tíma. Langtíamarkmið varða verkefni sem tekur lengri tíma en 6 mánuði að ná. Venjulega þarf að hafa verulega fyrir því að ná þeim og á bakvið þau er skuldbinding á tíma, orku og fjármagni.

Athugaðu hvort markmiðin á vinnublaði 2 spegla ekki liðina á vinnublaði 1A og 1B sem hver kynslóð taldi mikilvæga. Ef þar er samhljómur hafa markmið þín verið gerð skýr. Ef þar eru lítil samhljómur skaltu hugleiða betur hvað sé mikilvægt innan flokkanna á vinnublaði 1A eða 1B eða endurhugsa markmiðasetninguna. Þegar hver og einn hefur lokið vinnublaði 2, skulu þör deila með hvort öðru sínum persónulegum markmiðum. Á þennan veg hafa allir hugmynd um hvaða úrræði (tími, fjármagn orka og kunnátta) þarf til að ná markmiðunum.

Næsta skref er að skrifa niður ykkar fjölskyldu- og rekstrar- markmið. Eftir umræðurnar skaltu skrifa niður samþykkt markmið. Fjölskyldan þín er þá tilbúin að taka þessi rekstrarmarkmið með á ætliðaskiptafundinn.

Ætliðaskipti fela í sér breytingar fyrir alla aðila beggja kynslóða. Að hafa alla hlutaðeigandi aðila virka í ferlinu getur hægt á því en aukið líkur á að allir vinni að sömu langtíamarkmiðunum í stað þess að mæta sínum þörfum á hverjum tíma. Með því að vinna svona minnka líkurnar á því að ósætti skapist innan fjölskyldunnar seinna meir.

AÐ KANNA EIGNARHALDSMÖGULEIKA

Annað sjónarhorn á ætliðaskiptaferlið er skoðun á núverandi eignarhaldi á landi og öðrum eignum. Á að skipta um nafn? Hvað um rekstrarformið – er það hentugt fyrir þín markmið? Þó þú viljir skoða skattalegar skyldur, lögfræðilegar kvaðir, fjárhagslega áhættu og svo framvegis með sérfræðingum, þá taka aðeins þú og aðrir fjölskyldumeðlimir ákvörðun um eignarhaldið og rekstrarformið sem hentar ykkur.

Ráðleggingar eru meðal annars aðgengilegar hjá lögfræðingum, endurskoðendum og ráðunautum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins. Þó að sérfræðingar séu frábærir í að greina möguleika út frá lögfræði- og skattalegum hliðum, þá taka þeir ekki alltaf tillit til fjölskyldumeðlima varðandi hvernig eignir eru titlaðar. Eignarhald kann að standa fyrir

mátt, stjórn og vera tákun um sjálfsmýnd. Með því að hunsu eða taka þessar tilfinningar ekki með í reikninginn, getur það leitt til gremju og skorts á samvinnu við ætliðaskiptin. Taka má dæmi af föðurnum sem óttaðist að með því að láta son sinn fá stjórnina yfir búrekstrinum myndi hann missa tilganginn með lífinu. Hann skrifaði: Ef ég læt af stjórninni yfir búinu, gæti ég alveg eins verið dauður.

Dæmi um möguleika á eignarhaldi og rekstrarformi má nálgast hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins www.rml.is

LOKAPUNKTAR

Að búa fjölskylduna undir ættliðaskiptaferlið er hluti af ábyrgð eldri kynslóðarinnar gagnvart yngri kynslóðinni. Ferlið skiptist í raun í tvennt, annars vegar lögfræðilega og skattalega hlið, sem er mjög mikilvæg en gott samband og samskipti innan fjölskyldunnar við skipulagningu á ættliðaskiptunum er það sem skiptir sköpum.

Vegna meðfæddra tengsla við arfleifð, land og lífstíl, eru ættliðaskipti mun algengari í landbúnaði en öðrum rekstri. Þegar fólk vinnur náið saman marga tíma á dag eins og gerist í landbúnaði þá er ósamkomulag eðlilegt, einnig árekstrar.

Hvað sem því líður geta óleystir árekstrar haft mikil áhrif á langtímaárangur og lífvænleika búrekstrarins. Þeir geta haft mikil áhrif á ferlið við ættliðaskiptin. Eldri kynslóðin gæti komist að þeirri niðurstöðu að sama hvað sé gert, verði alltaf einhverjir af yngri kynslóðinni óánægðir. Eldri kynslóðin ætti ekki að láta þetta stöðva ferlið við að komast að niðurstöðu og taka ákvörðun um ættliðaskiptin. Munum að þau sem mynda eldri kynslóðina hafa unnið hörðum höndum að því að auka virði búrekstrarins – hann er eign þeirra og það er þeirra að ráðstafa henni eins og þau álíta best.

Vinnublöð byrja á næstu síðu



HVAÐ ER MIKILVÆGT?

ELDRI KYNSLÓÐ

Markmiðasetning er mikilvæg fyrir árangursríka stjórnun, bæði í búrekstri og fjölskyldulífi. Hún er sérstaklega mikilvæg í ferlinu sem þarf að fara fram vegna ætliðaskipta á búi. Markmið byggjast á gildum þínum og hugsjón. Gildi er eitthvað sem einstaklingur hefur í hávegum. Margir eru svo uppteknir í rekstrinum og fjölskyldulífinu frá degi til dags að þeir hafa ekki gefið sér tíma til að hugsa hvað þeim finnst mikilvægt. Markmiðasetning er þýðingarmikil í ferlinu. Þetta vinnublað mun hjálpa þér að greina mikilvægi hinna ýmsu atriða sem eru mikilvæg við ætliðaskipti. Þau eru:

- Áframhaldandi starfsemi fjölskyldubúsins
- Væntingar til ætliðaskipta
- Áframhald áhrifa á stjórnun búrekstrarins
- Öryggi beggja kynslóða
- Áhyggjur vegna barna

Fyrir hvern lið, greindu hversu mikilvægt efnið er þér með því að draga hring um tölurnar á skalanum 0 til 5, þar sem „0“ er „alls ekki mikilvægt“ en „5“ er „mjög mikilvægt“. Í hverjum lið er eyða til að bæta við fleiri liðum ef þess þarf. Vertu viss um að svara þessum spurningum alveg á eigin spýtur án þess að ráðfæra þig við nokkurn sem tekur þátt í ætliðaskiptaferlinu. Eftir að þú hefur svarað þessum spurningum, þá skaltu bera svör þín saman við svör annarra fjölskyldumeðlima og ræða síðan um það sem hefur farið fram og hver séu mikilvægustu markmiðin við ætliðaskiptin.

A. ÁFRAMHALDANDI STARFSEMI FJÖLSKYLDUBÚSINS:

Hversu mikilvægt er þér...	Alls ekki						Mjög
1. Að búið haldist í eigu fjölskyldunnar?	0	1	2	3	4	5	6
2. Að rekstur búsins haldi áfram eftir að þú ert fallin/n frá?	0	1	2	3	4	5	6
3. Að eignast „virði“ búsins þegar það er flutt af þínu nafni?	0	1	2	3	4	5	6
4. Að yngri kynslóðin taki við stjórninni á búinu?	0	1	2	3	4	5	6
5. Að yngri kynslóðin hafi tækifæri til að halda búrekstrinum áfram? (Ef svo, hverjir?)	0	1	2	3	4	5	6

B. VÆNTINGAR TIL ÆTLIÐASKIPTAFERLISINS:

Hversu mikilvægt er þér...	Alls ekki						Mjög
1. Að virði eignanna í búrekstrinum sé skipt að jöfnu milli allra afkomendanna?	0	1	2	3	4	5	6
2. Að afkomendur þínir samþykki hvað þú viljir gera við búið?	0	1	2	3	4	5	6
3. Að afkomendur þínir taki þátt í að ákveða framtíð búsins?	0	1	2	3	4	5	6
4. Að allir í fjölskyldunni séu ánægðir með hvernig staðið sé að ætliðaskiptunum?	0	1	2	3	4	5	6
5. Að yngri kynslóðin samþykki þína ákvörðun um hvernig ætliðaskiptunum sé háttað?	0	1	2	3	4	5	6
6. Að óskir afkomenda þinna varðandi ætliðaskiptin séu hafðar til hliðsjónar?	0	1	2	3	4	5	6
7. Að þú og maki þinn séuð sammála um fyrirkomulag ætliðaskiptanna?	0	1	2	3	4	5	6

C. ÁFRAMHALD ÁHRIFA Á STJÓRNUN BÚREKSTRARINS:

Hversu mikilvægt er þér...	Alls ekki							Mjög
1. Að taka áfram þátt í ákvörðunum varðandi sölu afurða frá búinu?	0	1	2	3	4	5	6	
2. Að taka áfram þátt í daglegum rekstri búinsins?	0	1	2	3	4	5	6	
3. Að viðhalda fjármálastjórn í rekstri búinsins?	0	1	2	3	4	5	6	
4. Að taka þátt í ákvörðunum varðandi framleiðsluna áfram?	0	1	2	3	4	5	6	

D. ÖRYGGI BEGGJA KYNSLÓÐA:

Hversu mikilvægt er þér...	Alls ekki							Mjög
1. Að þú og maki þinn hafð nægt fjármagn fyrir áscættanleg lífsgæði síðustu ævíárin?	0	1	2	3	4	5	6	
2. Að aðstoða börnin þín fjárhagslega til að renna traustum stoðum undir búskap þeirra?	0	1	2	3	4	5	6	
3. Að eiga möguleika á að stunda eitthvað annað en búskap á seinni hluta ævinnar?	0	1	2	3	4	5	6	
4. Að langanir þínar á eftirlaunaaldri séu virtar, hvort sem þær hafa áhrif á langtímalífvænleika búrekstrarins eða ekki?	0	1	2	3	4	5	6	
5. Að geta flutt af jörðinni síðustu ævíárin?	0	1	2	3	4	5	6	

E. ÁHYGGJUR VEGNA BARNNA:

Hversu mikilvægt er þér...	Alls ekki							Mjög
1. Að geta hjálpað börnum þínum að öðlast starfsframa utan búinsins?	0	1	2	3	4	5	6	
2. Að veita þeim börnum þínum, sem velja að vera bændur, fjárhagslega aðstoð?	0	1	2	3	4	5	6	
3. Að veita þeim börnum þínum, sem velja að eiga starfsframa utan bú, fjárhagslega aðstoð?	0	1	2	3	4	5	6	



HVAÐ ER MIKILVÆGT?

YNGRI KYNSLÓÐ

Markmiðasetning er mikilvæg fyrir árangursríka stjórnun, bæði í búrekstri og fjölskyldulífi. Hún er sérstaklega mikilvæg í ferlinu sem þarf að fara fram vegna ættliðaskipta á búi. Markmið byggjast á gildum þínum og hugsjón. Gildi er eitthvað sem einstaklingur hefur í hávegum. Margir eru svo uppteknir í rekstrinum og fjölskyldulífinu frá degi til dags að þeir hafa ekki gefið sér tíma til að hugsa hvað þeim finnst mikilvægt. Markmiðasetning er þýðingarmikil í ferlinu. Þetta vinnublað mun hjálpa þér að greina mikilvægi hinna ýmsu atriða sem eru mikilvæg við ættliðaskipti. Þau eru:

- Áframhaldandi starfsemi fjölskyldubúsins
- Væntingar til ættliðaskipta
- Aðild að stjórnun búrekstrarins, nú og í framtíðinni
- Öryggi beggja kynslóða
- Áhyggjur vegna barna

Fyrir hvern lið, greindu hversu mikilvægt efnið er þér með því að draga hring um tölurnar á skalanum 0 til 5, þar sem „0“ er „alls ekki mikilvægt“ en „5“ er „mjög mikilvægt“. Í hverjum lið er eyða til að bæta við fleiri liðum ef þess þarf. Vertu viss um að svara þessum spurningum alveg á eigin spýtur án þess að ráðfæra þig við nokkurn sem tekur þátt í ættliðaskiptaferlinu. Eftir að þú hefur svarað þessum spurningum, þá skaltu bera svör þín saman við svör annarra fjölskyldumeðlima og ræða síðan um það sem hefur farið fram og hver séu mikilvægustu markmiðin við ættliðaskiptin.

A. ÁFRAMHALDANDI STARFSEMI FJÖLSKYLDUBÚSINS:

Hversu mikilvægt er þér...	Alls ekki						Mjög
1. Að búið haldist í eigu fjölskyldunnar?	0	1	2	3	4	5	6
2. Að þú hafir tækifæri til að velja starfsframa utan bús?	0	1	2	3	4	5	6
3. Að þú eigir vól á því að gera eitthvað annað en stunda búskap seinna á ævinni?	0	1	2	3	4	5	6
4. Að þú hafir tækifæri til að reka fjölskyldubúið áfram?	0	1	2	3	4	5	6
5. Að gera það sem þarf til að halda fjölskyldubúinu í rekstri?	0	1	2	3	4	5	6

B. VÆNTINGAR TIL ÆTTLIÐASKIPTAFERLISINS:

Hversu mikilvægt er þér...	Alls ekki						Mjög
1. Að virði eignanna í búrekstrinum sé skipt jafnt milli allra fjölskyldumeðlima?	0	1	2	3	4	5	6
2. Að þú og maki þinn séuð sammála um skipulag ættliðaskiptanna?	0	1	2	3	4	5	6
3. Að eldri kynslóðin samþykki það sem þú vilt gera við búið eftir ættliðaskiptin?	0	1	2	3	4	5	6
4. Að systkini þín taki þátt í að ákveða framtíð búsins?	0	1	2	3	4	5	6
5. Að óskir eldri kynslóðarinnar vegna ættliðaskiptanna séu virtar?	0	1	2	3	4	5	6
6. Að allir í fjölskyldunni séu ánægðir með hvernig staðið er að ættliðaskiptunum?	0	1	2	3	4	5	6
7. Að foreldrar þínir veiti þeim börnum sem velja að eiga starfsframa utan búsins fjárhagslega aðstoð?	0	1	2	3	4	5	6
8. Að öll börn í fjölskyldu þinni hafi jöfn tækifæri til að stunda búskap?	0	1	2	3	4	5	6

C. AÐILD AÐ STJÓRNUN BÚREKSTRARINS, NÚ OG Í FRAMTÍÐinni:

Hversu mikilvægt er þér...	Alls ekki							Mjög
1. Að taka þátt í daglegum rekstri búsins?	0	1	2	3	4	5	6	
2. Að hafa alla fjármálastjórn í rekstri búsins?	0	1	2	3	4	5	6	
3. Að eiga þátt í ákvörðunum um búreksturinn?	0	1	2	3	4	5	6	
4. Að taka þátt í ákvörðunum varðandi framleiðsluna?	0	1	2	3	4	5	6	
5. Að taka þátt í ákvörðunum varðandi sölu afurða?	0	1	2	3	4	5	6	

D. ÖRYGGI BEGGJA KYNSLÓÐA:

Hversu mikilvægt er þér...	Alls ekki							Mjög
1. Að eldri kynslóðin öðlist „virði“ búsins þegar það er fært á annað nafn?	0	1	2	3	4	5	6	
2. Að langanir eldri kynslóðarinnar á eftirlaunaaldri séu virtar jafnvel þó þær hafi áhrif á langtímalífvænleika búrekstrarins?	0	1	2	3	4	5	6	
3. Að þú og maki þinn hafid næga fjármuni til að tryggja ykkur ásættanleg lífsgæði?	0	1	2	3	4	5	6	
4. Að eldri kynslóðin aðstoði þig fjárhagslega við að renna traustum stöðum undir búskapinn?	0	1	2	3	4	5	6	
5. Að geta búið á jörðinni eftir að eldri kynslóðin hættir búrekstri?	0	1	2	3	4	5	6	

E. ÁHYGGJUR VEGNA FORELDRA:

Hversu mikilvægt er þér...	Alls ekki							Mjög
1. Að eldri kynslóðin eigi þátt í ákvarðanatöku vegna framleiðslunnar?	0	1	2	3	4	5	6	
2. Að eldri kynslóðin taki þátt í mikilvægum ákvörðunum um fjármál eftir ættliðaskiptin?	0	1	2	3	4	5	6	
3. Að eldri kynslóðin taki þátt í daglegri starfsemi á búinu?	0	1	2	3	4	5	6	



GREINING Á EINSTAKLINGSMARKMIÐUM

LEIÐBEININGAR: Skrifaðu niður þín markmið innan hvers flokks hér fyrir neðan án þess að ræða við aðra fjölskyldumeðlimi. Til að langtíamarkmið verði að veruleika þarf útsjónarsemi og venjulega þarf lengri tíma en 6 mánuði til þess. Næst skaltu setja

skammtíamarkmið þín í viðeigandi dálka á næstu blaðsíðu. Skammtíamarkmið (til skemmri tíma en 6 mánaða) þjóna yfirleitt langtíamarkmiðunum.

LANGTÍAMARKMIÐ

PERSÓNULEG

TENGD FJÖLSKYLDU

TENGD REKSTRI

GREINING Á SAMEIGINLEGUM MARKMIÐUM FJÖLSKYLDUNNAR

LEIÐBEININGAR: Byrjið á að deila þeim markmiðum ykkar sem eru efst í forgangsröðuninni á vinnublaði 2 með maka/fjölskyldu ykkar. Á þann hátt hafa allir hugmynd um það fjármagn og tíma sem þarf að nota til að ná þeim. Næst skaltu nota vinnublaðið til að greina markmið tengd fjölskyldunni og rekstrinum.

Skrifið samþykkt markmið á næstu blaðsíðu eftir umræðurnar. Takið þessi samþykktu markmið með á ætliðaskiptafundinn. Að setja búrekstrinum og ætliðaskiptunum einhver markmið verður mun auðveldara ef hver fjölskyldueining hefur sín eigin búrekstrarmarkmið.

FJÖLSKYLDA HÆST FORGANGSRÖÐUÐ LANGTÍMAMARKMIÐ

BÚREKSTUR HÆST FORGANGSRÖÐUÐ LANGTÍMAMARKMIÐ

SAMÞYKKT FJÖLSKYLDUMARKMIÐ:

SAMÞYKKT BÚREKSTRARMARKMIÐ:
